



156. fundur Byggðarráðs
F26-09-092

Byggðarráð Húnabyggðar Fundargerð

Fundur haldinn þann 23.9.2026, 15:00 – 16:19. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.

Fundarstjóri:	Zophonías Ari Lárusson formaður
Ritari:	Dagný Rósa Úlfarsdóttir
Fundinn sátu:	Kolbrún Ágústa Guðnadóttir aðalmaður Jón Gíslason áheyrnarfulltrúi Sævar Örn Björgvinsson varamaður fyrir Grím Rúnar Lárusson
Starfsmaður:	Pétur Arason sveitarstjóri

Í upphafi fundar óskaði formaður eftir að bæta 1 máli við á dagskrána, umsókn um lóð. Er það samþykkt og verður sá dagskrárliður nr. 17.

Grímur Rúnar Lárusson hafði boðað forföll og því var Sævar Örn Björgvinsson boðaður inn sem varamaður.

1. M26-09-607 - Samningur við Jólasjóð

Beiðni um framlengingu á samningi.

Tekið fyrir erindi frá Jólasjóði A-Hún. um framlengingu á samningi við sveitarfélagið. Byggðarráð samþykkir að framlengja samninginn út árið 2028.

2. M26-09-599 - Barnamenningarhátíðin Skúnaskrall 2026

Erindi til sveitarstjórnar varðandi afnot af húsnæði í eigu sveitarfélagsins fyrir viðburði Barnamenningarhátíðarinnar Skúnaskrall sem fram fer 21. október - 4. nóvember 2026

Byggðarráð samþykkir erindi frá SSNV um afnot af húsnæði sveitarfélagsins fyrir Skúnaskrall.

3. M26-08-477 - Samgöngur og skipulag - Vegagerðin

Svör Vegagerðar vegna fyrirspurnar.

Vegagerðin hefur svarað Húnabyggð vegna fyrirspurnar frá sveitarfélaginu um ástand

Svínvetningabrautar. Í svörum Vegagerðarinnar kemur m.a. fram:

Hvað varðar athugasemdir um ástand Svínvetningabrautar þá höfum við fylgst vel með stöðu mála þar og geta þau upplýst um að í síðustu viku fengum við viðbótar fjárheimild til þess að ráðast í nauðsynlegar viðgerðir á henni. Viðgerðir eru þegar hafnar og munu fara fram á næstu vikum. Viðgerðir fela í sér útskiptingu burðarlags á verstu köflunum auk afvötnunaraðgerða til þess að auka varanlegan styrk vegarins. Viðgerð á slitlagi bíður til næsta vors til þess að tryggja gæði þess frágangs.

*Á sl. þremur árum hefur neðangreindum fjárhæðum verið varið í viðgerðir á slitlögðum kafla Svínvetningabrautar næst Blöndudal: 3 m.kr. árið 2024, 12 m.kr. árið 2025, 37 m.kr. árið 2026 *þar til nú, framkvæmdir enn í gangi.*

Byggðarráð áréttar að ástand Svínvetningabrautar á milli Svartárbrúar og Kjalvegur er fullkomlega óásættanlegt og ekki hafa fengist fullnægjandi svör við því hvenær því verkefni lýkur að fullu og lýsir byggðarráð áhyggjum sínum yfir því að yfirstandandi viðgerðum verði ekki lokið fyrir veturinn.

4. M26-09-578 - Notendaráð sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga vill í upphafi nýs kjörtímabils minna sveitarfélög á mikilvægi þess að skipa í lögbundin notendaráð sveitarfélaga þ.e. samráðshóp í málefnum fatlaðs fólks, öldungaráð og ungmennaráð. Mikilvægt er að rýna vel samþykktir og erindisbréf sem og lagaleg skilyrði varðandi uppbyggingu ráðanna.

Lagt fram til kynningar. Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að klárað verði að skipa í ungmennaráð og notendaráð í málefnum fatlaðs fólks.

5. M26-09-600 - Fundargerðir stjórnar MN

Fundargerð stjórnar Markaðsstofu Norðurlands.

Lagt fram til kynningar.

6. M26-09-619 - Spjallfundur um ferðamál

Samantekt fundar um ferðamál.

Lagt fram til kynningar.

7. M26-09-613 - Styrkbeiðni frá Hollvinasamtökum Reykjalundar

Beiðni til sveitarfélagsins um að taka þátt í uppbyggingu húsakosts Reykjalundar.

Lagt fram til kynningar og erindinu vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2027.

8. M26-09-611 - Þingmálaskrá 2026-2027

Glærur um hagsmunagæslu Sambandsins og þingmálaskrá 2026/2027 og glærur um fjárlagafrumvarpið.

Lagt fram til kynningar.

9. M26-09-598 - Erindi frá VR, LÍV og Fagfélögum

Erindi frá VR, LÍV og Fagfélögunum til sveitarfélagsins er varðar gjaldskrárhækkanir og hvað sveitarfélagið ætli að leggja af mörkum til að skapa efnahagslegan stöðugleika.

Lagt fram til kynningar og erindinu vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2027. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

10. M26-09-601 - Fundargerð 485. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands

Lagt fram til kynningar.

11. M26-09-621 - Umsagnarmál um varnir gegn snjóflóðum o.fl. frá Alþingi

Lagt fram til kynningar.

12. M26-09-620 - Umsagnarmál um sveitarstjórnarlög frá Alþingi

Lagt fram til kynningar.

13. M26-09-640 - Samantekt af samráðsfundi vegna verkefna heilbrigðiseftirlits

Samantekt frá framkvæmdastjóra SSVN af samráðsfundi sem haldinn var með landshlutasamtökunum vegna verkefna heilbrigðiseftirlits.

Lagt fram til kynningar.

14. M26-09-587 - Reglur um akstur framhaldsskólanema í FNV

Byggðarráð samþykkir reglurnar með áorðnum breytingum og vísar þeim til sveitarstjórnar til samþykktar.

15. M26-09-641 - Kaup á landspildu

Byggðarráð samþykkir kaup á ræktuðu landi og hesthúsi við Ennisbraut, F2137342, L145233 ásamt öllu því sem fylgir.

16. M26-09-639 - Aðalfundur samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Lagt fram til kynningar.

17. M26-09-651 - Umsókn um lóð

Umsókn Brákar um lóð við Sunnubraut.

Byggðarráð samþykkir umsókn Brákar um lóð á Sunnubraut 16-24, L242090 en þar munu á næstunni hefjast framkvæmdir við nýjan íbúðakjarna fyrir fólk með fötlun.

Fundi slitið 16:19.